

Háskóli Íslands
Raunvísindadeild
Land- og ferðamálafræðiskor



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fornleifauppgröfturinn á Skriðuklaustri og menningartengd ferðaþjónusta

eftir

Rögnu Fanneyju Jóhannsdóttur

BS-ritgerð
Umsjón: Katrín Anna Lund

Reykjavík
Maí 2008

Yfirlýsing höfundar

Hér með lýsi ég því yfir að ritgerð þessi er byggð á mínum eigin athugunum, er samin af mér og að hún hefur hvorki að hluta né í heild verið lögð fram áður til hærri prófgráðu.

Reykjavík, 2008

Ragna Fanney Jóhannsdóttir

Ágrip

Þessi rannsókn byggir á áhuga höfundar um uppbyggingu ferðaþjónustu á heimaslóðum. Tilgangurinn er að kanna viðhorf heimamanna, atvinnurekaenda og fornleifafræðinga til þeirrar ferðaþjónustu sem beinst hefur að fornleifauppgreftrinum á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Eins vill höfundur reyna að komast að því hvaða möguleikar bjóðast í ferðaþjónustu tengdu svæðinu, bæði á meðan uppgreftri stendur og eftir að henni er lokið. Hvernig best sé að höfða til ferðamanna og hver ætti markhópurinn að vera? Öflun rannsóknargagna fór fram með opnum viðtölum ásamt því var stuðst við fræðigreinar og rannsóknir er tengjast rannsóknarefninu. Helstu niðurstöður eru að fjölbreyttur hópur leggur leið sína á svæðið og spilar þar inn í hversu fjölbreytileg afþreying fyrir ferðamenn er á svæðinu og samvinna á milli þjónustuaðila. Almenn séð höfðu viðmælendur svipaðar skoðanir um hvernig fyrirkomulag ferðaþjónustu á fornleifasvæðinu ætti að vera.

Abstract

This research is based on the author's interest in strengthening tourist service on in her local area. The main goal is to investigate the opinion of local people, employers and archaeologists towards the tourist services related to the excavation on Skriðuklaustur in Fljótsdalur. The author would like to know what possibilities are in tourist services related to the site, both during the archeological research as well as after it has finished. What are the best ways to appeal to tourists and what is the target group? The main findings are that people who visit the site have different backgrounds because of how many variables there are in the area of tourist activities and also because of the good cooperation between the service providers.

Þakkarorð

Kærar þakkir fá viðmælendur mínir fyrir dýrmætan tíma og mjög góðar móttökur. Hugrún Ösp Reynisdóttir fær sérstakar þakkir fyrir hjálpina við yfirlestur og góð ráð. Þar að auki vil ég þakka leiðbeinanda mínum Katrínu Önnu Lund fyrir alla leiðsögn og ábendingar um hvað betur mætti fara. Samnemendur mínir Hera Brá Gunnarsdóttir, Eva Sif Jóhannsdóttir og Stefán Sveinn Ólafsson fá einnig kærar þakkir fyrir andlegan stuðning á meðan skrifum stóð.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	v
Myndaskrá.....	vi
1 Inngangur	1
2 Bakgrunnur.....	3
2.1 Saga Skriðuklausturs.....	3
2.2 Skriðuklausturrannsóknir	4
2.3 Fornleifar og menningarsögulegar minjar.....	6
3 Fræðileg umfjöllun.....	8
3.1 Menningatengd ferðaþjónusta.....	8
3.2 Arfleið eða menningararfur og saga.....	8
3.3 Áþreifanlegar og óáþreifanlegar minjar	9
3.4 Aðdráttarafl og ímynd.....	10
3.5 Áreiðanleiki og miðlun til gesta.....	10
4 Aðferðir og gögn	13
4.1 Aðferðir	13
4.2 Gagnaöflun og framkvæmd	13
4.3 Viðmælendur.....	14
4.4 Úrvinnsla gagna	15
5 Niðurstöður	16
5.1 Framtíðarhorfur og væntingar	16
5.2 Hagræn áhrif.....	16
5.3 Aðdráttarafl og markhópur.....	17
5.4 Miðlun og uppbygging.....	19
5.4.1 Fram til dagsins í dag.....	19
5.4.2 Framtíðin	20
5.5 Skipulag og stjórnun	21
5.6 Áreiðanleiki, áhorf, ímynd og upplifun	22
5.7 Saga, menning og arfleið.....	24
6 Umræður og ályktanir	26
7 Heimildaskrá	30
Viðmælendaskrá.....	34
Viðauki.....	35
Viðtalspunktar.....	35

Myndaskrá

Mynd 1 – Skriðuklaustur í Fljótsdal	5
Mynd 2 – Endurgerð rústanna af Skriðuklaustri	6

1 Inngangur

Þessi rannsókn byggist á áhuga mínum um menningartengda ferðaþjónustu og uppbyggingu hennar á heimaslóðum. Eins og nafnið gefur til kynna fjallar rannsóknin um fornleifauppgröftinn á Skriðuklaustri og menningartengda ferðaþjónustu í tengslum við uppgröftinn. Rannsóknin byggist á öðrum rannsóknum, fræðigreinum og kenningum sem tengjast rannsóknarefninu ásamt sex viðtölum sem tekin voru við hagsmunaaðila Skriðuklaustursrannsóknna, atvinnurekendur, fornleifafræðinga og heimamenn.

Rannsókninni er ætlað að varpa ljósi á væntingar ofantalinna aðila til ferðamennsku sem skapast í tengslum við fornleifauppgröftinn og á hvaða hátt þeir telji að best sé staðið að uppbyggingu staðarins í kjölfar fornleifarannsóknanna. Hvernig ætti að hanna svæðið á þann hátt að það höfði sem best til ferðamanna og hver ætti helsti markhópurinn að vera að þeirra mati. Vangaveltur mínar snúa að hugmyndum viðmælenda um rekstur staðarins, hverjar þeirra skoðanir og væntingar eru til ferðaþjónustu á fornleifasvæðinu. Hafa þeir mismunandi skoðanir á hvernig áreiðanleiki svæðisins birtist og í fram haldi af því, hvað finnst þeim að ætti að sýna ferðamönnum og hvað ekki? Þegar fornleifarannsókninni er lokið er mikilvægt að vita hvert eigi að stefna og hvernig skuli vinna úr þeim upplýsingum sem fornleifafræðingar hafa komist að. Áhugavert er því að vita hvort væntingar þeirra hagsmunaaðila sem koma nærri fornleifauppgreftinum stangist að einhverju leyti á og þá, í framhaldi, að koma með tillögur að málamiðlunum.

Skriðuklaustur er staðsett í Fljótsdal á Austurlandi. Upphaflega hét staðurinn Skriða og var þar stofnað munkaklaustur árið 1493. Í dag er staðurinn einna helst þekktur fyrir hús Gunnars Gunnarssonar skálds sem stendur á jörðinni. Í húsinu er rekið menningar- og fræðasetur ásamt litlu kaffihúsi. Fornleifauppgröfturinn sem þessi rannsókn fjallar um er staðsettur um það bil 150 metrum neðan við bæjarstæðið.

Rannsóknin er byggð upp á þann veg að fyrst er saga Skriðuklausturs og Skriðuklaustursrannsóknir kynntar í kaflanum bakgrunnur. Næst á eftir fylgir fræðileg umfjöllun sem tengist þeirri ferðaþjónustu sem hefur skapast við

fornleifauppgröftinn á Skriðuklaustri og þeirri ferðaþjónustu sem gæti skapast í kjölfar fornleifarannsóknanna á svæðinu. Meðal annars er fjallað um hversslags ferðaþjónustu svæðið hefur upp á að bjóða, áreiðanleika, miðlun til gesta, aðdráttarafl og ímynd. Á eftir þeim kafla eru aðferðir og gögn rannsóknarinnar kynnt ásamt viðmælendum mínum. Því næst eru niðurstöður sem fengust með viðtölum dregnar saman í þar til gerðan kafla. Síðast en ekki síst eru umræður þar sem niðurstöður viðtalanna eru tengd fræðilegri umfjöllun og ályktanir mínar um það sem betur mætti fara í ferðaþjónustu á svæðinu.

2 Bakgrunnur

2.1 Saga Skriðuklausturs

Talið er að klaustrið að Skriðu hafi verið stofnað árið 1493 og þar starfað mest sex munkar til siðaskipta. (Gunnarsstofnun, 2002). Helgisögn segir frá kraftaverki sem átti sér stað á Kirkjutúni á 15. öld. Presturinn á Valþjófsstað reið út dalinn til að þjónusta dauðvona sóknarbarn en týndi á leið sinni kaleik og patínu. Maður var sendur að leita munanna og fann hvoru tveggja á þúfu rétt fyrir neðan Skriðu. Kaleikurinn var fullur af víni og brauð var á patínunni sem lá ofan á kaleiknum. Þetta var talið kraftaverk og sagan segir að þar hafi verið reist kapella og altarið staðsett þar sem þúfan var (Gunnarsstofnun, 2002; Steinunn Kristjánsdóttir, 2003).

Cecilía Þorsteinsdóttir húsfreyja á Víðvöllum í Fljótstal virðist hafa átt allnokkurn þátt í stofnun klaustursins. Hún var gift Einari Ormssyni fjórmeningi sínum. Hjónaband þeirra var ólöglegt samkvæmt skilningi þágildandi laga og því einskis virði fyrir guði og mönnum. Einar lést fyrir aldur fram og skildi Cecilíu eftir með sex börn og það sjöunda á leiðinni. Svo virðist vera sem Cecilía hafi leitað til Skálholtsbiskups í þeim tilgangi að fá blessun yfir samband sitt við Einar og fá börn þeirra sjö skilgetin. Þetta hefur væntanlega hvílt þungt á þeim hjónum því hugmyndir hafa komið fram um að þau hafi borið mál sitt undir páfa en ekki fengið svar í tæka tíð. Cecilía giftist síðar Hallsteini Þorsteinssyni og bendir flest til þess að hann hafi fengið jörðina Skriðu með Cecilíu. Hún hefur því væntanlega átt hlut í máli þegar jörðin var gefin til Klausturhalds ekki síst ef hún hefur haft áhyggjur af stöðu barna þeirra Einars frammi fyrir Guði (Margrét Gestsdóttir, 2008).

Í áfangaskýrslu fornleifarannsóknanna eftir Steinunni Kristjánsdóttur (2003) er ágríp af sögu klaustursins. Þar segir að Skriðuklaustur hafi verið síðasta klaustur sem stofnað var af katólskum sið á Íslandi og það eina á Austurlandi. Klaustrið fylgdi Ágústínusarreglu og fyrsti príor þess var Narfi Jónsson. Fleiri aðhöfðust í klaustrinu en príor og munkar. Heimildir gefa til kynna að próventufólk hafi getað dvalið í klaustrinu, konur jafnt sem karlmenn. Hlutverk klaustra á miðöldum voru

meðal annars kennsla, bókagerðir og skriftir. Þar að auki voru þau griðastaður fyrir heilsulausa og próventufólk sem gaf klaustrunum allar eignir sínar fyrir sáluvist í Guðs ríki (Steinunn Kristjánsdóttir, 2003). Fornleifauppgröfturinn hefur opnað nýja sýn á sögu klaustursins en lítið var vitað um starfssemi innan þess fyrir uppgröftinn. Lækningar, hjúkrun og umönnun sjúkra hefur spilað stórt hlutverk. Frjókornarannsóknir sýna að ræktaðar hafa verið lækningajurtir í klausturgarðinum. Áhöld til lækninga hafa fundist ásamt því að fjöldi grafa hafa verið opnaðar. Á mörgum beinagrindum má sjá áverka svo sem beinbrot eða merki sjúkdóma. Allt þetta bendir til þess að hospítal hafi verið rekið á Skriðuklaustri (Steinunn Kristjánsdóttir, 2006a). Klaustrið var ekki rekið í langan tíma, öll starfssemi þess lagðist niður við siðaskiptin 1552. Það hefur því einungis starfað í 59 ár miðað við að hafa verið stofnað 1493.

2.2 Skriðuklausturrannsóknir


Undirbúningur fornleifarannsóknarinnar á Skriðuklaustri í Fljótisdal hófst sumarið 2000 þegar gerð var svo kölluð forkönnun þar sem umfang og stærð klaustursins var staðsett. Upplýsingar um staðsetningu klaustursins og stærð lágu ekki fyrir en getgátur voru uppi um staðsetningu þess fyrir neðan Gunnarshús eða á svo nefndu Kirkjutúni sem síðan reyndust á rökum reistar (Steinunn Kristjánsdóttir, 2003, 2005). Miðað við forkönnunina er reiknað með að rannsóknarsvæðið sé um 1200 fermetrar (Steinunn Kristjánsdóttir, 2006b). Tveimur árum síðar, sumarið 2002, hófst uppgröfturinn og hefur hann verið starfræktur í um það bil tvo mánuði hvert sumar síðan. Vetrarmánuðirnir hafa verið notaðir til úrvinnslu á þeim gögnum sem hafa fundist á uppgraftartímanum (Steinunn Kristjánsdóttir 2003, 2004, 2007).

Fram kemur á vefsíðu Gunnarsstofnunar að:

Ein helsta og mikilvægasta rannsóknarspurning rannsóknarinnar á Skriðuklaustri er sú hvort Íslendingar hafi byggt klaustur sín að eigin fyrirmynd, og þá hvort þeir hafi gert það með sama hætti og þeir byggðu veraldlegar byggingar, eða hvort þeir hafi byggt þau að erlendri fyrirmynd samkvæmt reglum um helgihald í evrópskum klaustrum. Tilgangur rannsóknarinnar í heild er auk þessa að auka þekkingu okkar á klausturhaldi og kristinni trúariðkun í hinu íslenska miðaldasamfélagi, samhliða því að auðga vitneskju okkar um sögu Austfirðinga (Gunnarsstofnun 2002).

Lengi var talið að á Íslandi hafi klausturhald ekki farið fram í sérstökum byggingum eins og erlendis heldur samhliða veraldlegu amstri í bæjarhúsum sem stóðu á klausturjörðum (Anna Sigurðardóttir, 1988). Allt bendir til þess að klaustrið á Skriðu hafi verið starfrækt í sérstakri byggingu sem hefur verið aðskilið veraldlegum umsvifum á bænum Skriðu (Steinunn Kristjánsdóttir, 2003). Rannsóknin gefur til kynna að byggingunum svipi til annarra evrópskra klausturbygginga frá miðöldum (Steinunn Kristjánsdóttir, 2007).

Varðveisluskilyrði á svæðinu eru góð og þar af leiðandi er grunnform klausturbygginganna í mjög góðu ástandi. Eftir klausturtíð hafa byggingarnar ekki verið rifnar eða byggt yfir þær þannig að hinar upprunalegu byggingar klaustursins eru ekki skemmdar. Gjóskulög sem notuð eru til aldursgreiningar eru einnig greinleg á svæðinu. Allt þetta auðveldar fornleifafraeðingunum talsvert við rannsóknir sínar (Steinunn Kristjánsdóttir, 2003).



Mynd 1 – Skriðuklaustur í Fljótsdal
Heimild: www.hi.is/sjk

Frá því að fornleifafraeðingar hófu störf sín við uppgröftinn hefur almenningi verið heimilt að kíkja við og fylgjast með framgangi mála. Fljótlega varð ljóst að skipuleggja þyrfti aðgengi ferðamanna að svæðinu svo unnt væri að anna þeirri

eftirspurn sem hafði skapast. Sett voru upp skilti með korti af svæðinu og upplýsingum auk þess sem boðið var upp á leiðsögn um svæðið á klukkutíma fresti (Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, munnleg heimild, 15. apríl 2008).

Að loknum uppgreftri sumarið 2005 var grunnform Skriðuklausturs endurbyggt. Tíu manna hópur vann verkið í samráði við Fornleifavernd ríkisins (Steinunn Kristjánsdóttir 2006b). Hópurinn sem vann verkið kom víða að og hafði því margt fram að færa, allt frá sköpunargleði til vísinda. Fyrst var byrjað á að hreinsa allt illgresi af svæðinu. Eftir það voru tveir bændur af svæðinu fengnir til að sýna hvernig ætti að raða steinum og leggja torf í veggina. Hópurinn var í tvær vikur á svæðinu við byggð rústanna (Abigail, 2005). Nú er hægt að ganga um herbergjaskipan rústanna sem sjást hér fyrir neðan.



Mynd 2 – Endurgerð rústanna af Skriðuklaustri
Heimild: Steinunn Kristjánsdóttir (2006b)

2.3 Fornleifar og menningarsögulegar minjar

Núgildandi Þjóðminjalög okkar Íslendinga skilgreina fornleifar sem: „...hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á“ (Þjóðminjalög nr. 107/2001). Tilgangur laganna er meðal annars

að vernda menningarsögulegar minjar, sjá til þess að menningararfi sé skilað óspiltum til komandi kynslóða og tryggja varðveislu á menningarsögulegum minjum í sínu upprunalega umhverfi. Menningarsögulegar minjar eru skilgreindar sem ummerki um sögu þjóðarinnar eins og til dæmis fornleifar, gömul mannvirki, forngrípir og heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin eiga þar að auki að auðvelda aðgang þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum hennar (Þjóðminjalög nr. 107/2001). Eru fornleifarannsóknir og ferðaþjónusta ekki ein leið til þess að auðvelda aðgang þjóðarinnar að þessum minjum? Á Skriðuklaustri hefur verið reynt að sameina þetta tvennt og ferðamenn hafa verið boðnir velkomnir á svæðið frá upphafi. Spurningin er samt sem áður hvernig þetta tvennt fer saman. Á hvaða hátt er hægt að tryggja varðveislu á menningarsögulegum minjum?

3 Fræðileg umfjöllun

3.1 Menningatengd ferðaþjónusta

Hugtakið menning (e. *Culture*) er flókið hugtak. Raymond Williams (1988) gekk svo langt að segja að það væri eitt af tveim til þrem flóknustu hugtökum enskrar tungu, að hluta til vegna þess hversu mikið það hefur þróast í gegnum tíðina. Þar að auki mætti segja að hugtakið sé einstaklingsbundið, þar sem einstaklingar leggja misjafnan skilning í það. Mannfræðingar, félagsfræðingar, sagnfræðingar eru meðal þeirra fræðinga sem hafa skilgreint menningu á mismunandi hátt (Seaton og Nennett, 1996). Af þessum sökum er erfitt að setja niður eina rétta skilgreiningu hugtaksins. Richard (2001) útskýrði það nokkuð vel. Hann segir að menning sé samsett af ferlum eins og hugmyndum og lífsstíl fólks og það sem skapast við þessa ferla líkt og byggingar, listir og hefðir. Í því samhengi talar hann um að menningartengd ferðamennska felist ekki einungis í því að skoða staði, mannvirki eða minjar heldur líka njóta þess hvers konar lífstíl staðurinn hefur upp á að bjóða. Menningartengd ferðaþjónusta tengist þess vegna bæði arfleið (e. *Heritage*) og nútímanum.

3.2 Arfleið eða menningararfur og saga

Flestir fræðimenn eru sammála um að arfleið sé tengd fortíðinni og í henni felist að miðla arfi til komandi kynslóða sem getur hvoru tveggja verið í formi menningarhefða og efnislegra minja (Timothy og Boyd, 2003).

Í þessari rannsókn kannar rannsakandi menningartengda ferðaþjónustu sem og arfleið og meðal annars á hvaða hátt best þykir að miðla þeirri sögu eða arfleið sem fornleifafræðingar eru að rannsaka á Skriðuklaustri. Því er við hæfi að tala um menningartengda ferðaþjónusta sem arfleið eða menningararf og á hvaða hátt fortíðin er birt í nútímanum. Gildi hvernar kynslóðar hefur svo áhrif á hvað er þess virði að sýna eða miðla til ferðamanna (Nuryanti, 1996; Timothy og Boyd, 2003).

Arfleidd og menning eru tvö flókin hugtök sem hægt er að setja saman í eitt orð menningararf. Menning er meðal annars skilgreind í íslenskri orðabók sem: „sameiginlegur arfur (venjulega skapaður af mörgum kynslóðum)“ (Mörður Árnason, 2002). Því er við hæfi í þessari rannsókn að álykta að fornleifafræðingar Skriðuklaustursrannsókna séu að miklu leiti að grafa upp löngu horfinn menningararf okkar Íslendinga. Hugtökin arfleidd og menningararfur eru ef til vill ekki ósvipuð og vísa ég til Helga Þorlákssonar (2006) sem þýðir enska orðið *heritage* sem menningararf í umfjöllun sinni um bók eftir David Lowenthal (1998) sem heitir *The Heritage crusade and the spoils of history*. Á meðan ensk – íslensk orðabók Eddu þýðir orðið sem: „erfð, arfur, arfleidd“. Helgi (2006) útskýrir þó að hægt væri að nota önnur orð en menningararf svo sem menningararfleidd og bendir á að Anna Karlsdóttir (2005) noti orðið *arfleidd*. Í framhaldi af þessari umræðu mun ég koma til með að notast við orðið menningararf.

Lowenthal (1998) fjallar um menningararf og sögu eða sagnfræði og segir þar mikinn mun vera á. Hann segir menningararf felast í því að vekja athygli á sérstöðu fortíðarinnar og það sé ekki lögð áhersla á staðreyndir heldur sé áherslan lögð á að skýra fortíðina í nútímaljósi. Hann talar einnig um að við virðum arfleidd okkar mest þegar þegar það lítur út fyrir að hún sé í hættu.

3.3 Áþreifanlegar og óáþreifanlegar minjar

Samkvæmt Timothy og Boyd (2003) getur menningararfur ýmist verið áþreifanlegur eða óáþreifanlegur. Það sem telst til óáþreifanlegs menningararfs er meðal annars gildi, hefðir og lífstíll fólks en á hinn bóginn eru minjar eins og byggingar, fornleifasvæði og landslag dæmi um eitthvað sem er áþreifanlegt. Oftar en ekki eru áþreifanlegar minjar álitnar merkilegri þar sem auðveldara er að meta þær (Timothy og Boyd, 2003).

Hugtakið byggð arfleidd (e. *Built heritage*) hefur verið notað í tengslum við varðveislu á sögulegum byggingum til langs tíma en hefur nú verið tengt við ferðamennsku. Byggð arfleidd á við sögulegar byggingar og mannvirki sem oft hafa verið friðuð svo sem fornleifasvæði (Nuryanti, 1996).

3.4 Aðdráttarafl og ímynd

Lowenthal (1998) talar um að menningararfur sé notaður sem aðdráttarafl í ferðamennsku. Samkvæmt Guðrínu Helgadóttur (2006) er aðdráttarafl fornleifa mikið þrátt fyrir að staðsetning þeirra sé óljós. Hún vill meina að rústir veki fólk til umhugsunar um liðna tíð og að hægt sé að dýpka íhugun þess og upplifun með frásögn um hvað rústirnar voru. Þá telur hún það hafa meira gildi fyrir gesti ef sögumaðurinn er heimamaður og þekki minjastaðinn af eigin raun. Á þann hátt er fortíð og nútíð tengd saman og verður í kjölfarið eftirminnilegra fyrir gestina því að minjar snúast ekki bara um fortíð þar sem upplifunin á sér stað í nútímanum.

Samkvæmt Timothy og Boyd (2003) er hægt að bæta aðdráttarafl ferðamannastaða sem bjóða upp á menningararfs ferðapjónustu með því að efla þjónustu í nágrenninu svo sem verslunaraðstöðu, gistingu og veitingasölu. Á þann hátt er gestum sem koma á svæðið betur sinnt á sama tíma og aðdráttarafl hans eykst. Hátíðir eða sérstakir viðburðir á svæðinu geta einnig dregið fólk að (Timothy og Boyd, 2003). Rannsókn Chhabra (2001) leiðir í ljós að hátíðir hvetja sveitarfélög til samvirkni og bjóði í leiðinni upp á félagslegan viðburð. Það getur leitt til hagnaðar fyrir samfélagið og haft áhrif á aukna eftirspurn eftir þjónustu í nágrenninu, auk þess að skilja eftir arf og draga að fjölmiðla.

Ímynd skiptir miklu máli því ferðapjónusta telst til óáþreifanlegra vara. Það er því ekki hægt að sannreyna þjónustuna áður en hennar er neytt. Ímynd skapast meðal annars með orðsporsáhrifum og fjölmiðlum (Kotler o.fl., 2006).

3.5 Áreiðanleiki og miðlun til gesta

Notkun á hugtakinu áreiðanleiki (e. *Authenticity*) hefur breyst mikið á síðustu 200 árum. Orðið er af klassísku grísk-rómverskum uppruna og var upphaflega notað til að lýsa einhverju sem væri satt, heiðarlegt eða upprunalegt í sagnfræðilegu samhengi (McKrecher, 2002). Hugtakið hefur verið áberandi í ferðamálafræðum eftir umfjöllun MacCannells (1999) á því. Mikið hefur verið fjallað um hugtakið í tengslum við hegðun og upplifun ferðamanna (Olsen, 2002). Oft er talað um að ferðamannastaðir séu byggðir sérstaklega með það í huga að ferðamenn komi og

skoði þá og því lítið gert úr áreiðanleika þeirra. Í þessu samhengi hefur Urry (1990) talað um áhorf ferðamanna (e. *Tourist Gaze*) og sjónræna neyslu þeirra. Hann segir að hlutir tengdir ferðamennsku séu settir upp með það í huga að horft sé á þá og auk þess, fari ferðamenn til þess að sjá eitthvað nýtt og öðruvísi. MacCannell (2001) segir þetta ekki vera svona auðvelt og kemur með kenningu um hitt áhorfið (e. *Second Gaze*). Í því felst meðal annars það sem ekki sést eins og til dæmis saga gamalla rústa. Hann talar um að ferðamenn séu ekki það grunnhyggjur að horfa eingöngu á það sem er sérstaklega byggt upp fyrir þá að horfa á. Þó svo að augum þeirra sé beint að einhverju ákveðnu þá geta þeir unnið úr því sem þeir sjá á persónulegan hátt. Metið hvað þeim þykir áhugavert eða fallegt. Hann bendir á að það skapast samræður á milli þess sem verið er að horfa á og þess sem horfir á. Sem dæmi um það má nefna að ferðamenn geta haft miklu meiri áhuga á þeirri sögu sem skyggist á bak við vegg gamalla rústa. Hvernig lifnaðarhættir fólks á þeim tíma voru. Menn geta jafnvel ímyndar sér hvernig þeir voru út frá því samhengi sem það birtist í umhverfinu (MacCannell, 1999, 2001).

Nasser (2003) telur að ferðamennska og arfleið séu orðin aðal markmið í uppbyggingu sögutengdra staða. Oft geta komið upp átök á milli hugmynda um varðveislu, arfleið og ferðamennsku. Hlutverk stjórnanda er að vernda arfleiðina, koma í veg fyrir að aðgerðir manna skaði upplifun komandi kynslóða af því sem er verndað og tryggja að komandi kynslóðir sjái einnig vel um arfleiðina (Timothy og Boyd, 2003).

Bærenholdt og Haldrup (2004) tala um að áreiðanleiki komi í ljós í gegnum upplifun gesta. Grein þeirra „*On the track of the Vikings*“ fjallar um Víkingasafn í Hróarskeldu og upplifun gesta sem heimsækja það og áreiðanleikann sem felst í því að virkja gesti í gegnum sýninguna. Þekking fornleifafræðinga er notuð til endurbygginga á skipum víkinga sem meðal annars eru til sýnis. Í kring um 1997 fór safnið að leggja meiri áherslu á virkja gesti og um leið færðist starfsemin meira utandyra. Gestum gefst nú tækifæri til þess að fara um borð í endurgerð skip og geta tekið þátt í siglingu ásamt fleiru sem víkingar voru iðnir við. Upplifun ferðamanna er mismunandi eftir bakgrunni þeirra. Fólk hefur mismunandi tengingar við víkinga og upplifir safnið væntanlega í samræmi við það (Bærenholdt og Haldrup, 2004). Í sambandi við þessa áherslu á að virkja gesti þá bentu Perkins og Thorns (2001) á að það þyrfti að taka tillit til þess að ferðamennska væri að „breytast“ og að ferðamenn væru sífellt að verða meiri gerendur en áhorfendur. Þeir vilja með öðrum orðum fá að

taka meiri þátt, snerta og upplifa heldur en að standa hjá, horfa á skilti og lesa. Þetta tengist einnig beint því sem Steinunn Kristjánsdóttir (2008) sagði í erindi sínu á Söguslóðum að ferðamenn sækjast eftir því að: „...sjá eða komast í tæri við það hvernig fortíðin var í raun og veru. Sjá og heyra sögur um hið raunverulega líf, um manneskjur og atburði fortíðar“. Á þann hátt talar hún um að fornleifar virðast nálgast upprunaleika þar sem áhorfandi getur túlkað á eigin vegu frekar en skráð saga.

Samkvæmt Mills (2003) gefa útisöfn aðgengilegustu myndina sem hægt er að gefa af fortíðinni. Þar geta gestir virt fyrir sér byggingar frá öllum hliðum með því að ganga um safnið/byggingarnar. Endurbyggingar gefa fólki hugmyndir um hvernig heimurinn leit eitt sinn út og eru ef til vill áreiðanlegasta form til að útskýra fortíðina. Þar er ferðamaðurinn staddur í umhverfinu sjálfu þar sem sagan gerðist (Mills, 2003). Hinsvegar getur of mikil sviðsetning haft neikvæð áhrif á áreiðanleika þar sem fólki er ekki gefið rými til að átta sig á hlutunum sjálf. Þrátt fyrir þetta er alveg ljóst að hinn almenni ferðamaður sættir sig við sviðsettan áreiðanleika upp að vissu marki (Cooper, Fletcher, Fyall, Gilbert & Wanhill, 1998).

4 Aðferðir og gögn

4.1 Aðferðir

Með tilliti til rannsóknarefnis voru eigindlegar rannsóknaraðferðir (e. *Qualitative research*) valdar. Samkvæmt Esterberg (2002) er markmið eigindlegra rannsókna að auka skilning á samfélagslegum fyrirbærum sem á vel við þegar markmið rannsóknar er að ná fram nákvæmum skilningi á viðhorfum og veruleika viðmælenda eins og þeir upplifa eða leggja mat á hann. Rannsakandi skoðar hlutina í sem eðlilegustu umhverfi með opnum hug og lætur álit sitt ekki koma í ljós á meðan á viðtali stendur. (Esterberg, 2002). Ekki er lögð áhersla á tölfræðilegar niðurstöður með notkun eigindlegra aðferða heldur einungis reynt að öðlast dýpri skilning á aðstæðum og lífi einstaklinga (Rannveig Traustadóttir, 1993). Eigindlegar rannsóknaraðferðir byggja á lýsandi rannsóknargögnum svo sem vettvangsnótum, afrituðum viðtölum, opinberum skjölum og skýrslum (Esterberg, 2002).

Draga má í efa að rannsakanda hafi tekist að vera algerlega hlutlaus á meðan viðtölum stóð, þar sem hann er tengdur rannsóknarefninu og hefur meðal annars starfað sem leiðsögumaður við fornleifauppgröftinn sjálfan.

4.2 Gagnaöflun og framkvæmd

Í þessari rannsókn var stuðst við rannsóknir, fræðigreinar, kenningar og hugtök tengt viðfangsefninu. Fræðileg rannsóknarvinna fór fram á tímabilinu 15. janúar 2008 til 25. apríl sama ár. Með fræðilegri rannsóknarvinnu undirbjó rannsakandi sig fyrir frekari gagnaöflun í formi viðtala. Tekin voru djúpviðtöl (e. *in-depth interviews*) til að öðlast sem bestan skilning á viðhorfum hagsmunaaðila Skriðuklaustursrannsókna til uppbyggingar á menningartengdri ferðaþjónustu í tengslum við rannsóknina. Tilgangur djúpviðtala er að rannsaka viðfangsefnið með opnum hug og gefa viðmælendum færi á að tjá skoðanir sínar og hugmyndir með eigin orðum (Esterberg,

2002). Gagnaöflun í formi djúpvíðtala fór fram dagana 15. til 24. Apríl 2008. Rannsakandi flaug austur á land þann 14. apríl til að ná tali af fjórum af sex viðmælendum. Viðtölin fjögur voru öll tekin samdægurs þann 15. apríl. Rannsakandi notaði fartölvu og forritið Cool Edit Pro 2.0 til þess að hljóðrita viðtölin.

4.3 Viðmælendur

Við val á viðmælendum var notast við markvisst úrtak (e. *purposive sampling*). Í því felst að velja viðmælendur sem tengjast rannsóknarefninu því þeirra sjónarhorn á viðfangsefnið er áhugavert fyrir niðurstöður rannsóknarinnar (Esterberg, 2002). Markmið rannsóknarinnar er að öðlast betri sýn á hugmyndir hagsmunaaðila um þróun ferðaþjónustu í tengslum við fornleifauppgröftinn á Skriðuklaustri. Á grundvelli þess voru helstu hagsmunaaðilar svæðisins beðnir um að taka þátt í rannsókninni. Þeim var skipt upp í þrjá hópa, fornleifafræðingar, heimamenn og atvinnurekendur. Haft var samband við viðmælendur símleiðis og tóku þeir vel í þátttöku rannsóknarinnar.

Viðmælendur gáfu allir leyfi til hljóðritunar á viðtölum og að þeirra réttu nöfn yrðu notuð í niðurstöðum rannsóknarinnar. Viðtöl voru tekin við eftirfarandi sex einstaklinga:

Heimamenn:

- **Einar Axelsson**, Hallormsstað.
- **Gunnþórunn Ingólfsdóttir**, oddviti Fljótsdalshrepps.

Atvinnurekendur:

- **Elísabet Þorsteinsdóttir**, rekstraraðili Klausturskaffis sem starfrækt er í Gunnarshúsi á Skriðuklaustri í Fljótsdal.
- **Skúli Björn Gunnarsson**, forstöðumaður Gunnarsstofnunar. Hann á sæti í stjórn félagsins Skriðuklausturrannsóknir.

Fornleifafræðingar:

- **Hrafnkell Brimar Hallmundsson**, fornleifafræðingur sem unnið hefur við uppgröftinn á Skriðuklaustri frá upphafi og einnig séð um leiðsögn á fornleifasvæðinu.

- **Steinunn Kristjánsdóttir**, lektor í fornleifafræði við Þjóðminjasafn Íslands og Háskóla Íslands. Hún stjórnar rannsókninni á rústum miðaldarklaustursins að Skriðu í Fljótsdal.

4. 4 Úrvinnsla gagna

Viðtölin voru mislöng allt frá 22 mínútum upp í 45 mínútur. Samtals reyndust öll viðtölin 212 mínútur. Eftir að hljóðritun viðtalanna hófst vinnuferli sem fólst í því að afrita þau frá a til ö og um leið skrifa inn athugasemdir rannsakanda (AR) sem komu að góðum notum við greiningu gagnanna. Við greininguna var notuð kóðun til að greina efnið vel niður og á því voru niðurstöður rannsóknarinnar byggðar. Kóðun felst í því að greina þemu í svörum viðmælanda og lita í sama lit. Á þann hátt er rannsakenda gert auðveldara fyrir að vinna að niðurstöðum.

5 Niðurstöður

Hér á eftir eru dregnar saman þær niðurstöður sem fengust með viðtölum við viðmælendur mína sex. Niðurstöðunum er skipt niður í níu kafla þar af tvo undir kafla. Fjallað verður um það sem mér þótti markverðast með tilliti til rannsóknarefnisins.

5.1 Framtíðarhorfur og væntingar

Viðmælendur mínir voru yfir höfuð nokkuð sammála um hvers þeir væntust af ferðaþjónustu að loknum fornleifauppgreftrinum. Allir vildu þeir sjá svæðið áfram sem ferðamannastað. Þar að auki voru þeir allir saman nokkuð raunsæir. Kannski helst til of raunsæir, samanber orðalag Elísabetar:

Sumir segja að menn eigi bara að hugsa mjög stórt og byrja strax á einhverju svakalegu en aðrir vilja byrja smærra og framkvæma og byggja utan á það. Ég er svo sem raunsæismanneskja og finnst það kannski skynsamlegra.

Elísabet væntir þess að frágangur svæðisins, að loknum uppgreftri, taki mið af aðgengi ferðamanna að svæðinu til framtíðar.

5.2 Hagræn áhrif

Mér þótti athugasvert hversu sammála viðmælendur voru um að ekki væru uppi nein áform um ágróða tengt þeirri ferðaþjónustu sem beindist að fornleifauppgreftrinum. Þeir gátu ekki ímyndað sér að ferðaþjónusta á fornleifasvæðinu gæti haft fjárhagslegan hagnað nema í tengdum greinum svo sem af kaffihúsinu í Gunnarshúsi eða ef kæmi gistiaðstaða yrði opnuð í sveitinni. Þess má geta að fram til þessa hefur ekki verið selt inn á svæðið og ekki eru áform um að svo verði. Elísabetu fannst ekki

óeðlilegt að það yrði aðgangseyrir að svæðinu en það væri jafnvel sniðugara að hafa sameiginlegt gjald fyrir allt sem hægt væri að skoða á staðnum, ekki sér aðgangur að Gunnarshúsi og annar aðgangur að uppgreftrinum. Skúli Björn benti hinsvegar á að erfitt gæti reynst að rukka ferðamenn fyrir að skoða fornleifasvæðið þar sem ekki stæði til að girða það af.

Elísabet sem rekur Klausturkaffi í Gunnarshúsi sá sér einna helst hagnað í ferðaþjónustu tengdri fornleifunum. Hún vildi meina að það kæmi margt fólk til hennar í kaffi sem væri að koma til þess að skoða fornleifauppgröftinn. Hún telur að: „það komi fleiri gestir eftir því sem við höfum meira upp á að bjóða fólki“.

Einar sagðist ekki vera mikill gróðahyggjumaður en sá þá kannski einna helst gróða í sögunni sjálfri og svo í atvinnusköpun. Gunnþórunn nefndi einnig hagnað í formi þess að viðhalda þekkingu á fortíðinni. Hún talaði um að öllum fyndist þessi tenging við fortíðina áhugaverð. Svo nefndi hún einnig þá sem bjóða upp á leiðsögn og var sjálfsagt að vísa til þeirra atvinnumöguleika sem skapast í kjölfarið á svæðinu. Auk þess minntist hún á að möguleiki væri nú á að hagnast af gisti- og veitingaþjónustu.

Viðmælendur voru sammála um hagnaðinn sem felst í því að hagsmunaaðilar styðjist við hvorn annan. Skúli Björn sagði „...að þetta styrkti allt hvað annað og bæði bjóði upp á fjölbreytta starfssemi og samnýtingu á einu og öðru. Síðan sömuleiðis að það dragi til sín enn fjölbreyttari hóp af fólki“. Líkt og Elísabet talaði hann um að það kæmi kannski fólk gagngert til þess að skoða fornleifauppgröftinn en myndi þá í leiðinni skoða eitthvað meira.

5.3 Aðdráttarafl og markhópur

Samkvæmt Elísabetu eykst aðdráttarafl staðarins eftir því sem hann hefur meira og fjölbreyttara upp á að bjóða. Einar vildi meina að það myndu koma fleiri gestir ef klaustrið yrði byggt alveg upp. Hann hafði sérstaka skoðun á þessu, þar sem hann sagði að það væri til nóg af peningum til þess að byggja klaustrið upp, en samt sem áður sá hann ekki neinn hagnað í því enda telur hann sig vera lítinn gróðahyggjumann.

Viðmælendur mínir voru nokkuð sammála því að þeir vildu sjá sem fjölbreyttastan hóp fólks mæta á svæðið og reyna að ná til sem flestra. Steinunn

nefndi að hún vildi bæði sjá almenning og fræðimenn koma á svæðið. Elísabet talaði hinsvegar um að það væri kannski afmarkaður hópur sem kæmi gagnert langa leið til þess að skoða uppgröftinn en ef fólk væri á annað borð komið á Austurland þá væri uppgröfturinn einn af þeim áhugaverðu stöðum sem hægt væri að heimsækja. Hún sagði að staðurinn hefði: „...aðráttarafl fyrir þá sem eru komnir á svæðið á annað borð“. Hrafnkell talaði á svipuðum nótum nema hvað hann hélt að aðsókn gesta að fornleifasvæðinu ætti eftir að minnka eftir lok rannsóknarinnar. Hann taldi það þó fara eftir hvernig yrði gengið frá svæðinu að loknum uppgreftinum. Samkvæmt honum hafa gestir mikinn áhuga á því hvað fornleifafræðingarnir eru að gera og vilja fá að kynnast þeirra vinnubrögðum.

Skúli Björn sagði að miðlunin ætti ekki síst að vera fræðandi og höfða til skóla- og námsfólks. Hann taldi mikilvægt að efla svokallaða svæðis- og grenndarvitund. Sérstaklega vegna þess að heimurinn færi sí minnkandi og fólk ætti nánast hvergi heima lengur. Ástæður þess eru til dæmis vegna þess hversu auðvelt er að stunda nám erlendis. Hann telur það vera mikilvægt fyrir fólk að geta fundið rætur sínar einhversstaðar og getað kallað einhvern stað „heima“.

Elísabet og Skúli Björn minntust bæði á að það hefði mikil áhrif á aðsóknina ef fréttir bærust af óvenjulegum fundi hjá fornleifafræðingunum. Elísabet sagði til dæmis:

Sjáum bara í fyrra þegar risinn fannst niður í uppgrefti. Það var eina helgi, það var ekki skemmtilegt veður, rigning og kalt og það var alveg fullt af fólki sem kom [...] þannig að þetta hefur aðráttarafl og ég sé fyrir mér og nefni það sem eitt af því sem ég gæti notað mér í að fá fólk hingað.

Skúli Björn og Elísabet nefndu bæði að hægt væri að efna til viðburða til að draga fólk að. Elísabetu datt í hug að skipuleggja einn dag hvert sumar sem væri tileinkaður heimamönnum. Skúli Björn nefndi að það væri ef til vill hægt að halda kaþólska messu eða syngja tíðir reglulega og þá alltaf á ákveðnum tímum.

Hrafnkell talaði um að aðsóknin að fornleifasvæðinu hefði verið mun meiri en hann bjóst við í upphafi. Hann sagði:

Maður hélt að það kæmi kannski svona einn, tveir, þrír á dag, eitthvað svoleiðis. Maður hélt að það væru ekki margir sem nenntu að vera að pæla í þessu en það hefur stundum verið alveg stöðug stolla alveg upp og niður.

Í fyrstu höfðu þau reiknað með vera með leiðsögn þegar gestir bæri að. Þau sáu fljótlega að það gekk ekki upp því umferð ferðamanna var stanslaus, þar af leiðandi tóku þau upp á að hafa leiðsögn á ákveðnum tímum. Hrafnkell telur að eflaust hefðu margir þættir áhrif á gestafjölda, til dæmis að fólk hefði gaman að þessu og þess vegna myndi þetta spjarst út.

5.4 Miðlun og uppbygging

Þeir viðmælendur mínir sem höfðu eitthvað um uppbyggingu fyrir ferðamenn að segja voru sammála um að hingað til hefði verið nokkuð vel staðið að henni. Steinunn segir meðal annars: „mér finnst hún hafa heppnast alveg einstaklega vel“ og Einar talaði um að grunnhugmyndin væri: „dálítið skemmtileg“ og að hann væri nú ekki ósáttur við þá leiðsögn sem hann hafði fengið um svæðið.

5.4.1 Fram til dagsins í dag

Skúli Björn, sem hefur að mestu leiti séð um uppbyggingu svæðisins fyrir ferðamenn, lýsti fyrir mér hvernig uppbygging svæðisins fyrir ferðamenn hefur verið fram að þessu. Boðið hefur verið upp á leiðsögn fyrir ferðamenn allt frá því að uppgröfturinn hófst sumarið 2002. Fyrstu árin sáu fornleifafræðingar um leiðsögn á svæðinu en í fyrrasumar sáu starfsmenn Gunnarsstofnunar um hana. Ferðamenn hafa átt möguleika á því að fylgjast með fornleifafræðingum að störfum og sjá gripi sem þeir hafa fundið. Skúli Björn nefndi einnig að fljótlega hefði verið reist upplýsingaskilti sem sýndi mynd af rústum klaustursins, eða því sem fornleifafræðingarnir voru þá þegar búnir að grafa upp. Á skiltinu má einnig finna helstu upplýsingar um sögu klaustursins. Sett var upp sýning í Gunnarshúsi sem fjallaði um sögu miðalda klaustra og voru þar fjölmargir munir úr uppgreftrinum til sýnis. Upp frá þessari sýningu hefur verið lítil sýning í einu herbergi í Gunnarshúsi þar sem gestum gefst tækifæri á að skoða nokkra muni með upplýsingaspjöldum á bæði ensku og íslensku.

Skúli Björn og Steinunn gátu bæði lýst fyrir mér hvernig uppbygging klausturrústanna sjálfra fór fram og af hverju þessi ákveðna leið var farin. Skúli Björn byrjaði á því að lýsa rannsóknaraðferð fornleifafræðinganna sem virkar þannig

að grafið er lag fyrir lag, fimm sentímetra í einu sem gerir það að verkum að rústirnar hverfa alveg við uppgröftinn. Steinunn talaði um að hún hefði verið gagnrýnd fyrir að nota þessa aðferð við uppgröft klaustursins en rökstuddi val sitt á aðferðinni með því að segja: „það tekur tvo mánuði fyrir þetta að hrynja“. Með þessu á hún við vegg gamalla rústa sem grafið væri meðfram en ekki allt í burtu eins og hún gerir á Skriðuklaustri. Hún bætti svo við: „fyrir utan það að við fengum rosalega miklar upplýsingar um byggingartæknina sem hefur algjörlega hreinlega bara verið skálduð að mínu mati lengi lengi“.

Skúli Björn sagði að gerð hefði verið tilraun til þess að hlaða upp grunninn í þeim veggjum sem voru í klausturbyggingunni í tengslum við það sagði hann: „svo var gerð tilraun með að hlaða þá lítillega upp svona í 30 – 40 sentímetra hæð [...] og þá með sama hætti og það hefur verið gert“. Að hans mati tókst þessi tilraun vel og „...væri í rauninni tiltölulega ódýr leið til þess að draga fram útlínur klaustursins og bygginganna“. Þar að auki sé þessi lausn tiltölulega viðhaldslítið miðað við ef farið yrði út í að gera tilgátubyggingar. Steinunn telur einnig að rústirnar séu einfaldlega of stórar til þess að það myndi borga sig að endurgera þær frá grunni.

Elísabetu fannst mikilvægt að svæðið væri sýnilegt og að menn gætu gegnið um og séð hvernig herbergjaskipan var.

5.4.2 Framtíðin

Viðmælendur höfðu flestir hugmyndir um hvernig aðgengi ferðamanna að fornleifasvæðinu gæti verið í framtíðinni. Skoðanir þeirra reyndust þó mismunandi um hvernig best mætti þjóna ferðamönnum. Ýmist töldu þeir mestu máli skipta að veita ferðamönnum leiðsögn um svæðið, að útsýni yfir svæðið væri gott eða að margmiðlun yrði beitt til að ná sem best til ferðamanna.

Samkvæmt Skúla Birni er verið að vinna í því að bæta upplýsingar á svæðinu. Til stendur að setja upp margmiðlunarskjá og skilti á útsýnispall en nú þegar er búið að fá landslagsarkitekta til að gera fyrstu drög að þeim. Útsýnispallinum er ætlað að standa á kletti rétt ofan við svæðið þar sem hægt er að sjá mög vel yfir allt svæðið. Skúli Björn talaði einnig um að sýningin um forleifauppgröftinn sem er í einu herbergi í Gunnarshúsi muni standa þar áfram. Þar eru meðal annars til sýnis nokkrir munir sem fundist hafa í uppgreftrinum og upplýsingar um þá.

Skúli Björn, Elísabet og Steinunn töluðu öll um fræðslu fyrir börn í tengslum við hvernig væri hægt að vinna með fornleifauppgröftinn eða ferðaþjónustu í tengslum við hann að loknum fornleifarannsóknum. Steinunn benti á að hægt væri að leifa börnum að grafa aðeins lengra úti á túni þar sem þau vita nákvæmlega að ekkert er að finna því þau hafa oft ekki þolinmæði til þess að hlusta á leiðsögn. Jafnvel væri hægt að fela reglulega bein og glerbrot fyrir þau að finna. Skúli Björn sá fyrir sér að á Skriðuklaustri: „...væri á sumri hverju einhvertímanni í framtíðinni hægt að hafa svona lítinn fornleifaskóla fyrir unglunga eða jafnvel börn. Þar sem þau geta fengið að: „kynnast aðferðum fornleifafræðinnar og hvernig er verið að vinna í svona fornleifauppgreftri“.

Gunnþórunn taldi bestu leiðina til þess að sýna fólki uppgröftinn vera fólgin í góðri leiðsögn. Þar að auki væri: „alltaf gott að koma einhverjum upplýsingum á framfæri í eða með bæklingum eða ritum eða upplýsingaskiltum“. En hún vildi meina að það væri erfitt að koma því mannlega í sögunni fram á skiltum og í bæklingum. Einar er sammála Gunnþórunni um mikilvægi leiðsagnarinnar auk þess sem hann vildi hafa rústirnar aðskildar frá munum úr uppgreftrinum líkt og fyrirkomulagið er í dag. Hann taldi að munirnir myndu taka athyglina af rústunum ef þær væru á fornleifasvæðinu sjálfu.

Viðmælendur voru spurðir hvernig þeir myndu vilja sjá svæðið ef þeir mættu láta ímyndunaraflíð ráða ekki bara raunhyggjuna. Þrátt fyrir að þeir væru almennt séð mjög raunsæir þá leyndust samt sem áður draumórar hjá flestum þeirra ef þeir voru spurðir nánar. Þessu til stuðnings má nefna að Elísabetu fannst mjög spennandi að bjóða upp á meiri afþreyingu fyrir börn á svæðinu. Börn hefðu gaman af dýrum og því væri gaman að geta tengt það fornleifasvæðinu með einhverjum hætti. Samt sem áður kvaðst hún ekki hafa hugmynd um hvort munkarnir hefðu haft einhver dýr hjá sér. Skúli Björn talaði um að það væri gaman ef hægt væri að hafa einskonar fornleifaskóla á svæðinu. Þá minntist Gunnþórunn á að það gæti verið sniðugt að búa til líkan af svæðinu til að fá betri heildarsýn á klaustrið eins og það var.

5.5 Skipulag og stjórnun

Allir voru sammála um að fram til þessa hefði skipulagið og stjórnunin verið nokkuð góð. Margir minntust á kosti þess að hafa leiðsögn á klukkutíma fresti. Með því væri

hægt að stjórna ágangi ferðamanna og koma í veg fyrir að þeir trufla fornleifafræðinga að sínum störfum. Steinunn lýsti sínu áliti mjög vel á eftirfarandi hátt:

Mér fannst leiðsögnin í fyrrasumar virka mjög vel og þá er það þetta með að það var bara leiðsögn á ákveðnum tímum og Gunnarshús sá um það og það virkaði best. Það var líka minnst truflandi fyrir okkur af því að okkur finnst okkur bera skylda til þess að taka á móti gestum en stundum getur það verið svolítið of mikið þannig að þá verður það þreytandi og ekki eins vel heppnað. Það er miklu markvissara og betra að því leitinu en maður sér það samt að gestirnir eru svolítið að sækjast eftir því alveg að bara kafa ofan í uppgröftinn og það er eiginlega bara ekki hægt þó að það væri kannski allra skemmtilegast fyrir fólk. Það verður eiginlega að hafa skipulag á þessu. Þannig að ég er bara mjög ánægð með þetta milliskref að það sé bara einhver sem koma og fara með fólk í leiðsögn og við höfum þá líka geta sagt leiðsögumönnum hvar þeir mega ganga og svona.

Einnig höfðu nokkrir viðmælendur mínir orð á að það væri nauðsynlegt að hafa góða göngustíga svo gestir myndu ekki vaða út um allt. Hrafnkell sagði að ferðamönnum hefði kannski verið hleypt full nálægt uppgreftrinum og nefndi dæmi um að menn hefðu pompað ofan í grafir. Hann vildi hafa óbreytt ástand á fornleifasvæðinu en skipuleggja það aðeins betur. Með því átti hann meðal annars við að: „...fá almennilegan pening í einhvern sem virkilega tekur þetta að sér og er kannski bara í þessu að vera leiðsögumaður“. Þar að auki nefndi hann að hægt væri að dreifa bæklingum til gesta.

Hrafnkell sagði að honum fyndist sniðugt að leiðsögumenn gætu gengið með gesti að uppgreftrinum og þar gætu gestir jafnvel fengið að spyrja fornleifafræðinga spurninga. Vert er þó að hafa í huga að þeim kunni að vera misvel við að láta horfa á sig vinna, sumum finnst það einfaldlega óþægilegt.

5.6 Áreiðanleiki, áhorf, ímynd og upplifun

Þessi fjögur hugtök tengdust mikið saman í svörum viðmælenda minna enda tengjast þau einnig í fræðunum. Þegar ég spurði viðmælendur út í áreiðanleika og reyndi að grennslast fyrir um hvaða merkingu þeir lögðu í hugtakið fékk ég margvísleg svör. Flestir voru sammála um að áreiðanleikinn skipti miklu máli fyrir gesti. Einar

Axelsson hafði þó aðra sýn á málið og svaraði þessari spurningu minni á eftirfarandi hátt:

Nei, það er enginn til að sanna hvernig þetta var. Það er enginn sem getur sagt alveg nákvæmlega hvernig þetta var. Þetta er náttúrulega allt byggt á vissum líkum um að þetta hafi verið svona. Það er enginn til frásagnar.

Gunnþórunn sagði: „...við eigum að vanda okkur við að viðhalda þessari þekkingu svo eigum við líka að halda vel utan um þessar upplýsingar sem koma fram, fyrir næstu kynslóðir“. Skúli Björn taldi að áreiðanleikinn væri aukinn með því að draga að helstu fræðimenn á sínum sviðum. Álykta má að viðmælendur mínir hugsu um hugtakið áreiðanleika í þeirri merkingu hversu sannar og réttar upplýsingar til ferðamanna eru. Steinunn fór út í aðra sálma og sagði: „Þetta er náttúrulega alltaf spurning um það hvernig áreiðanleikinn verður til“. Hægt væri að búa til áreiðanleika til dæmis í kringum sögupersónur með því að kynna þær og segja frá þeim. Á þann hátt yrðu þær trúverðugar og upprunalegar. Hrafnkell benti á að þegar fornleifafræðingar væru farnir að túlka það sem kæmi upp úr jörðinni þá væru þeir kannski búnir að stofna áreiðanleikanum í hættu.

Áhugavert var að sjá hversu oft orð í tengslum við áhorf komu upp í þegar rætt var um upplifun gesta, áreiðanleika og ímynd svæðisins. Þar má nefna eftirfarandi frasa:

- „...sem menn geta **horft** yfir“.
- „...**sýndir** munir...“
- „...að svæðið sé **sýnilegt**“.
- „...ef það væri möguleiki á að gera eitthvað líkan þannig að maður fengi aðeins meiri **heildarsýn** á það, því þú varst að **horfa** á undirstöðurnar...“
- „...fer eftir því hvort fólk getur **séð**...“

Greinilegt er að viðmælendur mínir leggja mikla áherslu á áhorf og að fornleifasvæðið sé sýnilegt. Til dæmis væri hæpið að ferðamenn myndu láta sér nægja að fá að heyra söguna um klaustrið fyrst sá möguleiki er fyrir hendi að ganga um svæðið sjálft og fá að líta það augum. Miðað við þetta er hægt að draga þá ályktun að sú upplifun sem fæst með áhorfi sé meira metin en annarskonar upplifun svo sem að hlusta á söguna um staðinn.

Elísabet koma aðeins inn á áhorf, fantasíu og þær samræður sem myndast á milli þess sem horft er á og þess sem er að horfa. Hún talaði um að fólk gæti ímyndað sér hvernig fortíðin var með því að horfa á einhvern hlut. Þannig gæti um leið skapast umræða og umtal og jafnvel enn fleiri spurningar vaknað. Steinunn sagði að það sem sér: „...hefur fundist heppnast sérstaklega vel er það að fólk geti einhvernvegin fengið að ganga þarna inn í rústirnar eins og þetta er og upplifa svolítið að vera þar inni, í staðinn fyrir að standa og horfa“. Um ferðamenn sagði hún jafnframt: „Mér finnst þeir vera að koma að upplifa einmitt svona fornleifauppgröft í *action*“. Hún taldi að stór hluti ferðamanna væri að koma til þess að sjá mannabein. Einnig taldi hún að hluti fólksins kæmi gagnert til þess að upplifa eða fræðast um söguna og bætti svo við: „...þetta er kannski svolítið eins og raunveruleikabáttur sem þú færð að taka þátt í“. Skúla Birni fannst vera mikill munur á því að fara með fólk niður á fornleifasvæðið á meðan fornleifafræðingarnir væru að vinna og svo aftur á móti þegar enginn væri að störfum.

Þegar ég spurði út í ímynd af svæðinu þá nefndi Steinunn meðal annars að hún vildi draga fram fræðilegan tón. Þar að auki vildi hún draga fram brot úr sögunni sem væru vanalega ekki talin með. Hún tók sjúklinga, konur og minnihlutahópa sem dæmi.

5.7 Saga, menning og arfleidd

Þegar ég ákvað að rannsaka fornleifauppgröftinn á Skriðuklaustri þá kom tengingin við menningartengda ferðaþjónustu strax upp í kollinn á mér. En um leið og ég hófst handa við að rannsaka efnið og fræðin í kringum það komst ég að því að það vantaði eitthvað upp á skilgreiningar. Hvort er ferðaþjónustan á fornleifasvæðinu sögu-, menningar- eða arfleiddartengd? Ég tók eftir því að viðmælendur töluðu einna helst um sögu án þess þó að þeir væru sérstaklega spurðir hvað þeir myndu kalla þessa tegund ferðaþjónustu sem þarna fer fram. Skúli Björn talaði um að það væru fleiri en einn að setja sitt mark á söguna með sinni eigin túlkun því til stuðnings sagði hann: „Leiðsögumaðurinn sem er að tala við ferðamanninn [...] hann er jafnframt að setja sitt mark á þetta allt saman og skapa söguna út frá sínu viðhorfi“. Hrafnkell telur það vera vandasamt að: „...hafa þetta alveg hlutlaust því um leið og maður segir frá einhverju, [...] meira að segja hvernig maður segir frá því, þá er maður búinn að hafa

áhrif á það hvernig fólk heyrir það“. Engu að síður túlka ég ummæli flestra viðmælenda minna á þann hátt að leiðsögn sé ein besta leiðin til þess að kynna fornleifauppgröftinn og söguna fyrir ferðamönnum. Gunnþórunn talaði um að erfitt væri að gera mannlega þættinum í sögunni skil á skiltum eða í bæklingum.

6 Umræður og ályktanir

Eins og getið er í inngangi er þessari rannsókn ætlað að varpa ljósi á væntingar hagsmunaaðila Skriðuklaustursrannsókna til þeirrar ferðapjónustu sem skapast hefur í kringum fornleifauppgröftinn. Markmið hennar er að komast að niðurstöðu um hvernig best megi hanna og byggja upp svæðið fyrir ferðamenn jafnt sem hagsmunaaðila.

Í eftirfarandi umræðum er ætlunin er bera saman viðhorf viðmælenda minna við fyrri rannsóknir og fræðilega umfjöllun.

Samkvæmt Timothy og Boyd (2003) eykst aðdráttarafl ferðamannastaða eftir því sem þeir hafa meira upp á að bjóða svo sem verslunaraðstöðu, gistingu og veitingasölu. Margir viðmælenda minna nefndu hversu mikilvægt væri fyrir hagsmunaaðila að vinna saman og styðja hvorn við annan. Elísabet nefndi í því samhengi að aðdráttarafl staðarins ykist eftir því sem hann hefði meira og fjölbreyttari afþreyingu upp á að bjóða, á þann hátt væri hægt að laða fjölbreyttari hóp fólks á svæðið. Margir viðmælenda voru sammála um að það væri afmarkaður hópur sem kæmi gagnert til þess að skoða fornleifauppgröftinn en fyrst fólk væri á annað borð mætt á svæðið þá myndi það nota tækifærið og líta á uppgröftinn í leiðinni.

Hrafnkell var hissa á því hversu margt fólk kæmi til þess að skoða uppgröftinn. Í fyrstu hafði hann aðeins búist við því að sjá einn til þrjá ferðamenn á dag. Fljótlega var hinsvegar ljóst að gera þyrfti frekari ráðstafanir í sambandi við leiðsögn á svæðinu. Samkvæmt Kotler og fleirum (2006) skapast ímynd meðal annars með orðsporsáhrifum. Hrafnkell nefndi það sem eina ástæðu fyrir fjölgun ferðamanna. Þeim þætti gaman að koma og myndu þar af leiðandi deila upplifun sinni. Viðmælendur voru yfir höfuð sammála um að það ætti ekki að reyna að höfða til neins eins hóps. Þeir vildu fá að sjá sem fjölbreyttastan hóp fólks á svæðinu, hvort það væru fullorðnir, ungir, fræðimenn eða fólk sem ætti leið um skipti ekki máli.

Að vissu leiti mætti líkja fornleifauppgröftinum á Skriðuklaustri og því sem ferðamenn upplifa þar við Víkingasafnið í Hróarskeldu sem grein Bærenhold og

Haldrup (2004) fjallar um. Samkvæmt henni kemur áreiðanleiki í ljós í gegnum upplifun gesta. Steinunn talaði á svipuðum nótum þar sem hún hélt því fram að gestirnir hefðu gaman af því að vera á svæðinu sjálfu og upplifa, eins og hún orðaði það: „fornleifauppgröft í *action*“. Hún bætti svo við: „...þetta er kannski svolítið eins og raunveruleikabáttur sem þú færð að taka þátt í“. Skúli Björn sagði að það væri mikill munur á því að fara með fólk niður á fornleifasvæðið á meðan fornleifafræðingarnir væru að vinna og svo aftur á móti þegar enginn væri að störfum. Það er því hætt við að eins og Hrafnkell talaði um að áhugi ferðamanna minnki mikið eftir lok fornleifarannsóknarinnar. En flestir viðmælendur vildu þó meina að það færi allt eftir því hvernig gengið yrði frá svæðinu við lok rannsóknarinnar. Þetta má einnig tengja við umfjöllun Mills (2003) en hann talar um að útisöfn gefi aðgengilegustu myndina sem hægt er að gefa af fortíðinni. Þar geta gestir virt fyrir sér byggingar frá öllum hliðum með því að ganga um safnið eða byggingarnar. Endurbyggingar gefa fólki hugmyndir um hvernig heimurinn leit eitt sinn út og er kannski áreiðanlegasta leiðin til að útskýra fortíðina. Ég myndi því telja sniðugt að halda áfam á sömu braut og hingað til, endurgera veggi klaustursins svo fólk geti gengið um klaustrið og gert sér í hugarlund hvernig það leit út. Það er þó alltaf spurning hvað fólki finnst áreiðanlegt og kannski erfitt að gera öllum til geðs hvað það varðar.

Timothy og Boyd (2003) telja að sérstakir viðburðir eða hátíðir geti dregið fólk að. Enn fremur leiddi rannsókn Chhabra (2001) í ljós að að hátíðir gætu hvatt til samvirkni og um leið boðið upp á félagslega viðburði sem gæti leitt til hagnaðar fyrir samfélagið og þar með talið haft áhrif á aukna eftirspurn eftir þjónustu í nágrenni þess. Skúli Björn og Elísabet nefndu bæði að möguleiki væri á að efna til viðburða til þess að fá fleira fólk á staðinn og þá kannski einna helst heimamenn. Fyrir utan skipulagða atburði mætti telja sérstakan fund fornleifafræðinga sem viðburð. Sér í lagi þegar slíkra viðburða er getið í fréttum fjölmiðlum. Elísabet telur slíka umfjöllun hafa þau áhrif að margir myndu mæta á svæðið daginn eftir, sama hvernig viðraði. Fólk vill greinilega fá að sjá slíka viðburði með með eigin augum.

Urry (1990) talar um að ferðamannastaðir séu byggðir upp gagnert með það í huga að ferðamenn komi og skoði þá og þar af leiðandi séu þeir ekki áreiðanlegir. Hrafnkell benti á að um leið og fornleifafræðingar væru farnir að túlka það sem kæmi upp úr jörðinni þá væru þeir mögulega búnir að stofna áreiðanleikanum í hættu. Hann sagði að gripurinn sem kæmi upp úr uppgreftrinum væri alltaf

áreiðanlegur en hann myndi samt sem áður segja voða lítið. Samkvæmt honum er allt sem byggt er upp eftir rannsóknina „feik“. Það má því draga þá ályktun að Hrafnkell sé sammála Urry að því marki að það sem sérstaklega er byggt upp fyrir ferðamanninn er lítt áreiðanlegt. Samt sem áður er það áhorfið sem hvetur fólk til að koma á svæðið, skynjun fólks fer svo eftir því hvernig þetta áhorf hefur birst annarsstaðar. Þessu til stuðnings má nefna dæmi um fréttir af einhverju sem finnst í uppgreftinum. Fólk mætir á svæðið daginn eftir og vill fá að sjá þennan ákveðna hlut sem fannst. Ef það er ekki hægt, til dæmis vegna þess að hluturinn var strax sendur til Reykjavíkur í rannsókn, þá má búast við því að ferðamennirnir verði fyrir vonbrigðum. Þetta er dæmi um atriði sem erfitt gæti reynst að stjórna. Þó gæti verið hægt að gera ráðstafanir eins og að bíða í nokkra daga, með að senda hlutinn suður, eftir að fréttirnar fóru í loftið.

MacCannell (2001) kom með kenningu um hitt áhorfið (e. *Second Gaze*). Í því felst meðal annars það sem ekki sést eins og til dæmis saga gamalla rústa. Elísabet kom aðeins inn á áhorf og fantasíu. Hún talaði um að fólk gæti ímyndað sér hvernig fortíðin var með því að horfa á einhvern hlut. Þannig gæti um leið skapast umræða og umtal og jafnvel enn fleiri spurningar vaknað. Á þann hátt verða til einskonar samræður á milli manneskjunnar sem horfir á hlutinn og hlutarins sjálfs. Það lítur út fyrir að ferðamenn upplifi þessar samræður við umhverfið en horfi ekki bara í kringum sig. Miðað við þetta leggur Urry (1990) of mikla áherslu á sjónræna neyslu ferðamanna og beint áhorf, en eins og MacCannell (2001) sagði þá opnaði sú kenning hans fyrir umræðu um hitt áhorfið. Ferðamenn á fornleifasvæðinu á Skriðuklaustri hafa þann kost að fylgjast með fornleifafræðingum að störfum og sjá hvað þeir eru að grafa upp ásamt því að geta gengið um endurgerða herbergjaskipan klaustursins. Með því að leyfa fólki að ganga um sjá það sem er um að vera þá vakna alltaf spurningar og ímyndunaraflið fer á fullt. Spurningar á borð við: „til hvers ætli þetta hafi verið nota sem þessi þarna var að finna“ og „af hverju ætli herbergið hafi verið á tveim hæðum“. Leiðsögumenn þurfa ekkert endilega að svara þessum spurningum því gestir eru oft strax komnir með einhverjar mögulegar útskýringar á því sjálfir.

Svo virðist vera sem viðmælendur séu ánægðir með framgang mála hingað til og alls ekki svo ósammála um hvernig megi háttta ferðaþjónustu á fornleifasvæðinu héðan í frá. Góð samvinna á milli hagsmunaaðila virðist vera undirstöðu atriði. Aðilar sem eiga hlut í máli styðja hvorn við annan í stað þess að keppa um gestina.

Einna helst vil ég benda á og möguleika á bættum samskiptiháttum á milli þeirra aðila sem vinna á svæðinu. Eins og Hrafnkell talaði um þá þykir fornleifafræðingunum mis þægilegt að láta horfa á sig vinna. Það væri ekki mikið mál fyrir leiðsögumann að kynna sér hvaða fornleifafræðingar hafa gaman af því að fá spurningar og sýna það sem þeir eru að grafa upp og öfugt. Leiðsögumaðurinn gæti þá hagað leiðsögn sinni um svæðið í takt við það. Sérstaklega þar sem ferðamenn virðast hafa mestan áhuga á því sem fornleifafræðingarnir eru að gera.

7 Heimildaskrá

Abigail (2005). *Archnetwork - Iceland Report: Archaeology, Interpretation and Rediscovery*. Skoðan þann 12. maí 2008 á http://www.archnetwork.eu/blog/_archives/2005/10/27/1181223.html.

Anna Karlsdóttir (2005). Ferðamálafræðilegar vangaveltur um Þjóðminjasafnið. Í Hrefna Róbertsdóttir og Páll Björnsson (ritstj.), *Saga – Tímarit Sögufélagsins XLIII:1*. (bls.181-190). Reykjavík: Sögufélag.

Anna Sigurðardóttir (1988). *Allt hafði annan róm áður í páfadóm. Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu*. Úr veröld kvenna III. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.

Bærenhold, J. O. og Haldrup, M. (2004). On the track of the Vikings. Í M. Sheller and J. Urry (eds) *Tourism Mobilities: Places to Play, Paces in Play*. London: Routledge.

Cooper, C., Fletcher, J., Fyall, A., Gilbert, D. og Wanhill, S. (1998). *Tourism Principles and Practice* (2. útg.). Essex, UK: Pearson Education Limited.

Esterberg, K. G. (2003). *Qualitative Methods*. Oxford: Oxford University Press.

Guðrún Helgadóttir (2006) Fornleifar og ferðaþjónusta - Auðlind í landnýtingu. *Freyr*, 102(4), 8-9.

Gunnarsstofnun (2002). *Skriðuklaustur – Gunnarsstofnun*. Skoðað 8. apríl 2008 á <http://www.skriduklaustur.is>.

Helgi Þorláksson (2007). Sagnfræði í heimi menningararfs og minning. Í Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson (ritstj.), *Þriðja íslenska söguþingið 2006 – Ráðstefnurit* (bls. 316-326). Reykjavík: Aðstandendur Þriðja íslenska söguþingsins.

Lowenthal, D. (1998). *The Heritage Crusade and the Spoils of History*. Cambridge: University Press.

MacCannell, D. (1999). *The Tourist: A New Theory of the Leisure Class*. Berkeley: University of California Press.

MacCannell, D. (2001). Tourist agency. *Tourism Studies*, 1(1), 23 – 37.

Margrét Gestsdóttir (2008). Cecilía Þorsteinsdóttir. Í Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Skriðuklaustur – evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal – greinasafn* (bls. 31 – 39). Óútféið.

McKrecher, B. (2002). *Cultural Tourism: The Partnership Between Tourism and Cultural Heritage Management*. New York: Haworth Hospitality Press.

Mills, S. F. (2003). Open-Air Museums and the Tourist Gaze. In D. Grouch and N. Lubben. *Visual Culture and Tourism*. Oxford: Berg.

Mörður Árnason (ritstj.) (2002). Íslensk orðabók M-Ö. Reykjavík: Edda.

Nasser, N. (2003). Planning for Urban Heritage Places: Reconciling Conservation, Tourism, and Sustainable Development. *Journal of Planning Literature*, 17(4), 467 – 479.

Nuryanti, W. (1996). Heritage and postmodern tourism. *Annals of Tourism Research*. 23(2), 249-260.

Olsen K. H. (2002). Authenticity as a concept in tourism research – The social organization of the experience of authenticity. *Tourist Studies*, 2, 159 – 181.

Perkins, H. C. & Thorns, D. C. (2001). Gazing or Performing?: Reflections on Urry's Tourist Gaze in the Context of Contemporary Experience in the Antipodes. *International Sociology*, 16(2), 185 – 204.

Rannveig Traustadóttir (1993). *Nýjungar í atvinnumálum fatlaðra: Könnun á atvinnuhögum nemenda brautskráðum frá starfsdeild Öskjuhlíðarskóla*. Reykjavík: Landsamtökin þroskahjálp.

Richard, G. (2001) *Cultural Attractions and European Tourism*. New York: CABI pub.

Seaton, A. V. og Nennett M.M. (1996). *Marketing tourism products : concepts, issues and cases*. London : International Thomson Business Press.

Steinunn Kristjánsdóttir (2003). *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2002*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir (2004). *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2003*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir og Minjasafn Austurlands.

Steinunn Kristjánsdóttir (2005). Munnkaklaustrið að Skriðu í Fljótsdal. Í Sigurður Ægisson (ritstj.). *Á sprekamó* (bls. 353 – 359) Akureyri: Bókaútgáfan Hólar.

Steinunn Kristjánsdóttir (2006a). Lækningar í Ágústínusarklaustrinu á Skriðu. *Læknaþið*, 92(7 – 8), 544 – 547.

Steinunn Kristjánsdóttir (2006b). *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2005*. Reykjavík: Skriðuklausturs-rannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir (2007). *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknana 2006*. Reykjavík: Skriðuklausturs-rannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir (2008, apríl). „Ísland – best í heimi“. Erindi flutt á Söguslóðum – Getið í eyðurnar, Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík.

Timothy, D. J. og Boyd S. W. (2003). *Heritage tourism*. London: Prentice Hall.

Williams R. (1988). *Keywords*. Fontana

Þjóðminjalög nr. 107/2001.

Viðmælendaskrá

Einar Axelsson, (15. apríl 2008). Heimamaður sem komið hefur reglulega að skoða fornleifauppgröftinn.

Elisabet Þorsteinsdóttir, (15. apríl 2008). Rekstraraðili Klausturskaffis sem starfrækt er í Gunnarshúsi á Skriðuklaustri í Fljótsdal.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, (15. apríl 2008). Oddviti Fljótsdalshrepps.

Hrafnkell Brimar Hallmundsson, (24. apríl 2008). Fornleifafræðingur sem unnið hefur við uppgröftinn á Skriðuklaustri frá upphafi og einnig séð um leiðsögn á fornleifasvæðinu.

Skúli Björn Gunnarsson, (15. apríl 2008). Forstöðumaður Gunnarsstofnunar. Hann á sæti í stjórn félagsins Skriðuklausturrannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir, (22. apríl 2008). Lektor í fornleifafræði við Þjóðminjasafn Íslands og Háskóla Íslands. Hún stjórnar rannsókninni á rústum miðaldarklaustursins að Skriðu í Fljótsdal.

Viðauki

Viðtalspunktar:

- Sérð þú hagnað í menningartengdri ferðaþjónustu tengdri fornleifauppgreftrinum? Að hvaða leiti?
- Hvernig ímynd myndir þú vilja sjá af fornleifauppgreftrinum og til hverra á hún að höfða?
- Hvað með túlkun á sögunni? Hver á að ráða hvað er sýnt og hvað ekki?
- Framsetning – hvað á að sýna og hvað ekki.
- Hvernig telur þú að best sé að skipuleggja svæðið með það í huga að sagan varðveitist?
- Hvað heldur þú að ferðamenn komi til að upplifa?
- Hvernig er uppbyggingin enn sem komið er? Hvað finnst þér um hana?
- Hvernig myndir þú vilja sjá svæðið eftir rannsóknina?
- Áreiðanleiki. Í hverju finnst þér það felast? Finnst þér hann skipta máli í þessu samhengi? Að hvaða leiti?
- Hvað teljið þið að verði um áreiðanleikann þegar rannsókninni er lokið?
- Hvernig upplifun vilt þú bjóða ferðamönnum? Oft á tíðum allt byggt upp á þennan sjónræna máta?
- Viltu bjóða upp á meiri afþreyingu fyrir ferðamenn, leyfa þeim að vera meiri gerendur?
- Hvernig telur þú að megi best miðla þeirri sög og þeim niðurstöðum sem fornleifafræðingar hafa komist að?
- Hvað með útisöfn? Áreiðanlegra eða ekki?
- Hvernig haldið þið að sé best að höfða til gestanna?
- Hvað með fantasíu og leyfa gestum að geta í eyðurnar?
- Hvað með að skapa sögu?
- Hvernig hefur aðsókn að svæðinu verið hingað til?
- Hefur þurft að gera ráðstafanir í samræmi við gestafjölda?
- Telur þú ferðaþjónustu af þessu tagi hagkvæma og að hvaða leiti?
- Hvernig tengist áreiðanleiki sögunni og uppsetningu? Væri möguleiki á að spila með það og þá hvernig?
- Finnst þér skipulag hingað til gott eða mætti eitthvað betur fara?
- Hvað með hagnað?